


A dark blue vertical bar runs down the left side of the page. A blue arrow-shaped banner points to the right from this bar, containing the text 'júní 2017'. Below the banner, several thin, curved lines in shades of blue and grey sweep upwards from the bottom left corner.

júní 2017

Innra mat í Grunnskólanum á Ísafirði skólaárið 2016-2017

Líðan og þarfir nemenda, gæði
kennslu, starfsmannakönnun,
Skólapúlsinn og
Rannsóknir og greining

Helga S. Snorradóttir
GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Efnisyfirlit

1.	Um Grunnskólann á Ísafirði	2
2.	Inngangur	2
3.	Markmið	3
4.	Aðferð	3
5.	Viðmið	4
6.	Niðurstöður	4
	Athugun á einelti í 1.-5. bekk.....	4
	Gæði kennslu – könnun á meðal kennara	8
	Gæði kennslu – könnun í 6. – 10. bekk.....	12
	Skólapúlsinn og könnun frá Rannsóknunum og greiningu	15
	Skólapúlsinn - nemendur.....	15
	Skólapúlsinn – foreldrakönnun.....	24
	Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun	27
	Rannsókn og greining	29
7.	Umræða.....	60
	Gæði kennslu	60
	1. – 5. bekkur.....	60
	6. – 10. bekkur	61
	Foreldrakannanir	61
	Starfsmannakönnun	61
8.	Umbótaáætlun	62
	1. – 5. bekkur.....	62
	6. – 10. bekkur	63
	Foreldrasamstarf	63
	Starfsmenn skólans	64
	Fylgiskjöl	65
	Fylgiskjal 1 - Markmiðsblað	65

1. Um Grunnskólann á Ísafirði

Skólinn heitir Grunnskólinn á Ísafirði og er að Austurvegi 6, Ísafirði. Skólaárið 2016-2017 voru skráðir 345 nemendur við skólann. Húsið er þrjár byggingar sem tengdar eru saman. Haustið 2008 var tekin í notkun nýbygging sem byggð var við skólann, að hluta til utan um elsta skólann, gamla barnaskólann. Þar eru nú allar verkgreinastofur auk þriggja almennra kennslustofa og bókasafns. Skólinn var settur í fyrsta sinn 1874 og hefur því starfað óslitið í 142 ár. Rekið er frístundastarf fyrir nemendur í 1.-4. bekk í samstarfi við skólasvið Ísafjarðarbæjar, Héraðssamband Vestfirðinga og Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Undanfarin ár hefur skólinn unnið eftir stefnunni „Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar“ en markmiðið með henni er að byggja upp sjálfsaga hjá nemendum og koma því til leiðar að þeir vilji haga sér vel til þess eins að vera ánægðir með sjálfa sig en ekki til þess að forðast refsingu eða hljóta umbun.

Grunnskólinn á Ísafirði hefur tekið þátt í *Olweusaráætluninni – gegn einelti og andfélagslegri hegðun* frá árinu 2002. Áætlunin byggist á því að vinna markvisst gegn einelti og er ætlað að vekja alla til umhugsunar um að einelti sé skaðlegt. Kennarar hafa fylgt áætluninni vel eftir og til dæmis eru bekkjarfundir virkur þáttur í skólastarfinu. Undanfarin ár hefur ekki verið greitt fyrir eineltiskannanir og telst skólinn því ekki formlegur þátttakandi í áætluninni en öll önnur vinna til varnar einelti er með sama hætti og áður í skólanum og gerðar eru kannanir á líðan nemenda með reglulegu millibili.

Einkunnarorð skólans, sem eiga að endurspeglast í öllu starfi hans, eru *virðing, samhugur og menntun*.

Virðing: Í skólanum okkar ríkir virðing fyrir eigum, skoðunum og sérstöðu hvers og eins.

Samhugur: Í skólanum okkar ríkir gleði og vellíðan. Við finnum fyrir samstöðu og trausti, hjálpumst að og erum örugg.

Menntun: Í skólanum okkar ríkir vinnugleði, nýsköpun, gagnrýnin hugsun og virk uppbygging. Við höfum metnað, sköpunargleði, ábyrgð og kraft til að gera okkar besta.

2. Inngangur

Í vetur var starfandi sjálfmatsteymi við skólann sem hélt utan um allt innra mat. Síðustu ár voru meginviðfangsefni sjálfsmatsins endurskoðun skólanámskrár sem allir kennarar tóku þátt í og hefur ný skólanámskrá nú verið gefin út í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla og er hún birt á heimasíðu skólans http://grisa.isafjordur.is/um_skolann/skolanamskra_2/.

Nauðsynlegt er að leggja mat á líðan nemenda á hverju ári. Gerðar hafa verið samskonar kannanir meðal nemenda undanfarin skólaár og viðmið um mat eru þau sömu og sjálfmatsteymið lagði til skólaárið 2012-2013. Skólinn tekur einnig þátt í spurningakönnunum Skólapulssins fyrir nemendur og foreldra og rannsókn á meðal nemenda í 5. – 7. bekk, sem Rannsókn og greining lagði fyrir.

Skólinn lagði einnig könnun fyrir foreldra í maí 2017 varðandi lestur, notkun Mentors til að fylgjast með námi, viðhorf til umsjónarkennara, stjórnenda og skólans almennt,

markmiðssetningu, stoðþjónustu og frístund. Skemmst er frá því að segja að svörun var aðeins 33% og teljast niðurstöður því langt í frá marktækar.

3. Markmið

Almenn markmið með innra mati í Grunnskólanum á Ísafirði eru að bæta skólastarfið, gera hagsmunaaðilum starfið sýnilegra og gæta þess að í skólanum sé ávallt starfað í samræmi við lög og reglugerðir sem í gildi eru.

Sérstök markmið matsverkefna þessa vetrar eru:

- I) Að afla upplýsinga um samskipti milli nemenda og líðan þeirra í skólanum.
- II) Að afla upplýsinga frá nemendum um upplifun þeirra af einelti í skólanum.
- III) Að fá mat nemenda á því hvernig þeir skilgreina gæði kennslustunda og hvernig tekst að uppfylla þær væntingar.
- IV) Að fá mat kennara á því hvernig þeir skilgreina gæði kennslustunda og hvernig tekst að uppfylla þær væntingar.
- V) Að skoða hvernig svör nemenda GÍ eru í samanburði við svör annarra nemenda sem taka þátt í Skólapúlsinum og hvernig frávik skólans frá landsmeðaltali þróast milli ára.
- VI) Að skoða hvernig svör foreldra barna í GÍ eru samanborið við svör barna í viðmiðunarhópum Skólapúlsins í spurningum sem eiga við um alla nemendur eða alla nemendur á ákveðnu stigi.
- VII) Að afla upplýsinga um tíma sem nemendur nota til heimalesturs og hvernig foreldrum gengur að fylgjast með heimalestri barna sinna.
- VIII) Að afla upplýsinga um notkun foreldra á mentor.
- IX) Að afla upplýsinga um viðhorf foreldra til umsjónarkennara.
- X) Að afla upplýsinga um almennt viðhorf foreldra til skólans.
- XI) Að afla upplýsinga um viðhorf foreldra til stjórnunar skólans.
- XII) Að afla upplýsinga um viðhorf foreldra 1. – 4. bekkjar til frístundar.

Ekki tókst að afla upplýsinga varðandi 6 síðustu þættina sökum slakrar svörunar.

4. Aðferð

Gerð var 1 könnun í skólanum þar sem spurt var um líðan og samskipti meðal nemenda í 1. – 5. bekk. Könnunin var nafnlaus en rekjanleg eftir kyni og bekk. Aðeins munu verða birtar heildarniðurstöður úr þeirri könnun. Kennarar hafa fengið niðurstöður sinna árganga og unnið með þær með sínum nemendum.

Skólinn er einnig þátttakandi í *Skólapúlsinum*, þar eru gerðar úrtakskannanir meðal nemenda í 6. – 10. bekk með jöfnu millibili yfir árið sem eru svo teknar saman að vori, niðurstöður þeirra kannana eru einnig birtar í þessari skýrslu. Skólinn tók einnig þátt í foreldrakönnun skólapúlsins. Þá var gerð spurningakönnun meðal foreldra á vegum skólans, þar sem spurt var um heimalestur og viðhorf foreldra til skólans. Rannsóknir og greining gera einnig kannanir á líðan skólabarna annað hvert ár og eru sá hluti niðurstaðna sem tengist skólagöngu einnig notaður í mati á skólastarfinu.

Kennarar settu sér sameiginleg viðmið um gæði kennslu á deildafundum að hausti. Eftir áramót var svo lögð könnun fyrir kennara þar sem þeir lögðu mat á eigin kennsluhætti út frá þeim viðmiðum. Nemendur skilgreindu einnig viðmið um gæði kennslu á markmiðsblöðum sínum á haustdögum og mátu svo kennsluhætti út frá þeim viðmiðum í könnun að vori.

5. Viðmið

Starfsfólk skólans hefur sett sér það markmið að skólinn sé laus við einelti, að nemendum líði almennt vel í skólanum og samskipti milli þeirra séu góð. Í stórum skóla er þó hæpið að gera ráð fyrir allt sé ævinlega í besta lagi í samskiptum milli nemenda. Matsteymið telur eðlilegt að miða við að 95% nemenda í skólanum líði vel og eigi góða vini. Einnig hafa verið sett þau markmið að skólinn nái landsmeðaltali í öllum þáttum sem mældir eru í *Skólapúlsinum*.

6. Niðurstöður

Niðurstöður eru settar fram í fjórum undirköflum. Það eru niðurstöður úr skólakönnun fyrir 1.-5. bekk, niðurstöður kennara og nemenda varðandi gæði kennslu, niðurstaða úr könnunum *Skólapúlsins* og niðurstöður Rannsóknar og greiningar.

Athugun á einelti í 1.-5. bekk

Nemendur í 1. – 5. bekk eru samtals 178 í 9 bekkjadeildum. Lagðar voru 3 spurningar fyrir hverja bekkjardeild. Hvert og eitt barn var spurt einslega og svörin slegin inn á spjaldtölvu. Fyrst var spurt hvort barn vissi hvað einelti væri, síðan var athugað hvort skilningur væri réttur og misskilningur leiðréttur ef svo reyndist. Einelti var útskýrt fyrir þeim sem sögðust ekki vita hvað fælist í hugtakinu. Önnur spurning var hvort barn þekkti einhvern sem væri lagður í einelti og þriðja spurning, hvort það sjálft væri lagt í einelti. Spyrjendum var síðan gefinn kostur á að skrá hjá sér nöfn barna sem einhver taldi að væri lagt í einelti eða ef barn sagðist sjálft vera lagt í einelti. Um leið og svör bárust fengu bekkjarkennarar síðan lista yfir þau nöfn sem fram komu. Svarhlutfall var minnst 79% og mest 100%, alls svöruðu 92% barna í 1. til 5. bekk könnuninni.

1. Spurning: Veit barnið hvað einelti er?

Svarmöguleikar	%	Fjöldi
----------------	---	--------

1. bekkur HA

Segir já og veit hvað einelti er	75,0%	15
Segir já og veit það ekki	0,0%	0
Segir nei	25,0%	5

1. bekkur JH

Segir já og veit hvað einelti er	76,2%	16
Segir já og veit það ekki	4,8%	1
Segir nei	19,0%	4

2. bekkur KB

Segir já og veit hvað einelti er	70,6%	12
Segir já og veit það ekki	23,5%	4
Segir nei	5,9%	1

2. bekkur ML

Svarmöguleikar	%	Fjöldi
Segir já og veit hvað einelti er	87,5%	14
Segir já og veit það ekki	0,0%	0
Segir nei	12,5%	2

3. bekkur AS

Segir já og veit hvað einelti er	84,2%	16
Segir já og veit það ekki	10,5%	2
Segir nei	5,3%	1

3. bekkur ÁH

Segir já og veit hvað einelti er	88,9%	16
Segir já og veit það ekki	11,1%	2
Segir nei	0,0%	0

4. bekkur KO

Segir já og veit hvað einelti er	92,3%	24
Segir já og veit það ekki	3,8%	1
Segir nei	3,8%	1

5. bekkur ESJ

Segir já og veit hvað einelti er	38,5%	5
Segir já og veit það ekki	61,5%	8
Segir nei	0,0%	0

5. bekkur PH

Segir já og veit hvað einelti er	92,3%	12
Segir já og veit það ekki	7,7%	1
Segir nei	0,0%	0

Áhugavert er að fjöldi nemenda í bekk sem segist vita hvað einelti er, en er ekki með réttan skilning nemur frá engu barni upp í 8, alls 19 börn. Í gegnum tíðina hefur viljað bregða við að þegar farið er að athuga hvað liggur að baki ásökunum um einelti að þá hafa slík mál byggst á misskilningi eða rangtúlkun. Þ.e. um er að ræða einstök atvik, löngu liðna atburði eða

viðkomandi barn hefur lent í einstaklingi sem er ekki með nægilega samskiptafærni til að setja rétt mörk í samskiptum við aðra. Fjórtán einstaklingar segjast ekki vita hvað einelti er. Þessar niðurstöður koma nokkuð á óvart í ljósi þess að mikil áhersla hefur verið lögð á að einelti innan skólans verði ekki liðið og fræðsla um birtingarmyndir og afleiðingar verið reglulegur liður í skólastarfi.

2. Spurning: Þekkir barn einhvern sem er lagður/lögð í einelti?

Svarmöguleikar	%	Fjöldi
----------------	---	--------

Einelti 1. bekkur HA

Já	40,0%	8
Nei	60,0%	12

Einelti 1. bekkur JH

Já	52,4%	11
Nei	47,6%	10

Einelti 2. bekkur KB

Segir já og veit hvað einelti er	70,6%	12
Segir já og veit það ekki	23,5%	4

Einelti 2. bekkur ML

Já	12,5%	2
Nei	87,5%	14

Einelti 3. bekkur AS

Já	5,3%	1
Nei	94,7%	18

Einelti 3. bekkur ÁH

Já	0,0%	0
Nei	100,0%	18

Einelti 4. bekkur KO

Já	69,2%	18
Nei	30,8%	8

Einelti 5. bekkur ESJ

Já	69,2%	9
Nei	30,8%	4

Einelti 5. bekkur PH

Já	53,8%	7
Nei	46,2%	6

3. Spurning: Upplifir barnið að það sjálft sé lagt í einelti?

Svarmöguleikar	%	Fjöldi
----------------	---	--------

Einelti 1. bekkur HA

Já	40,0%	8
Nei	60,0%	12

Einelti 1. bekkur JH

Já	20,0%	4
Nei	80,0%	16

Einelti 2. bekkur KB

Já	0,0%	0
Nei	100,0%	17

Einelti 2. bekkur ML

Já	0,0%	0
Nei	100,0%	16

Einelti 3. bekkur AS

Já	22,2%	4
Nei	77,8%	14

Einelti 3. bekkur ÁH

Já	0,0%	0
Nei	100,0%	18

Einelti 4. bekkur KO

Já	53,8%	14
Nei	46,2%	12

Einelti 5. bekkur ESJ

Já	38,5%	5
Nei	61,5%	8

Einelti 5. bekkur PH

Já	7,7%	1
Nei	92,3%	12

Gæði kennslu – könnun á meðal kennara

Á deildafundum 15. nóvember 2016 settu kennarar fram hugmyndir um gæði kennslu. Teymi innra mats tók saman niðurstöður úr þessari hugstormun.


Samantekt

Vinnufriður kennara og nemenda, virkni, hlustun, farið eftir fyrirætlum, góð líðan nemenda, gagnkvæm virðing, skipulagðir kennarar, jákvæðni, góður námsárangur, glaðir nemendur og að nemendur vilji koma aftur daginn eftir og læra meira.

Upp úr þessari samantekt var síðan búin til könnun sem svarað var nafnlaust af kennurum skólans.

Þátttakendur

Kennarar við G.Í. eru 42, alls svöruðu 29 könnuninni eða 69%. Þessar tölur segja þó ekkert um hversu marga tíma hver kennir. Hér sést skipting kennara sem svöruðu eftir þeim aldursstigum sem þeir kenna.



Skýringar á inntaki könnunar

Til að tengja könnunina við starf vetrarins var eftirfarandi klásúla látin fylgja með:

„Samkvæmt umbótaáætlun skólans skal búa til viðmið til að styðja mat á ýmsum þáttum skólastarfsins, t.d. um gæði kennslu. Á deildafundum 15. nóvember 2016 voru kennarar beðnir að skilgreina gæði kennslu og komust að eftirfarandi niðurstöðu:

Gæði kennslu byggjast á góðu skipulagi, agastjórn, gagnkvæmri virðingu og góðum samskiptum við nemendur. Öllum á að geta liðið vel og náð góðum árangri.

Nú er komið að því að meta þennan þátt skólastarfsins og biðjum við þig vinsamlegast að svara eftirfarandi spurningum.“

Spurningar

Agi í kennslustundum


Spurt var um aga í kennslustundum og kom í ljós að 86,2% svarenda töldu að oft væri góður agi í kennslustundum, 10,3% að alltaf væri góður agi og 3,4% eða 1 kennari að það væri sjaldan. Enginn taldi að það væri aldrei góður agi.



Það má telja góðar niðurstöður að 96,5% svarenda telji að oft eða alltaf sé góður agi í kennslustundum.

Samskipti við nemendur

Spurt var um samskipti kennara við nemendur. Að samskipti væru oftast góð sögðu 75,9% svarenda og alltaf sögðu 24,1%. Enginn merkti við sjaldan eða aldrei.



Miðað við þau svör sem bárust virðist sem að samskipti nemenda og kennara sé ekki vandamál sem þarfnast úrlausnar í G.Í. eins og málin standa nú.


Undirbúningur fyrir kennslu

Af þeim kennurum sem svöruðu þá töldu 41,3% að þeir kæmu vel undirbúnir í kennslustundir og 51,7% að þeir væru oft vel undirbúnir. Enginn merkti við sjaldan eða aldrei.



Gæði kennslu

Af þeim sem svöruðu könnuninni sögðu 17,9% að kennslustundir hjá þeim uppfylltu alltaf viðmið um gæði kennslu og 82.1% að svo væri oft. Enginn merkti við sjaldan eða aldrei.



Starfsánægja

Að lokum var spurt hvort kennarar væru ánægðir í starfi. Af þeim 29 sem svöruðu töldu 20,7% að þeir væru alltaf ánægðir en 79,3 að þeir væru oft ánægðir.



Samantekt

Á heildina eru niðurstöður könnunar um gæði starfs góðar. Erfitt er að alhæfa út frá niðurstöðum vegna þess að við vitum ekki hvað þessir 29 kennarar sem skiluðu inn svörum standa fyrir hátt hlutfall kenndra stunda við skólann. Af þeim sem svöruðu segja 100% að samskipti þeirra við nemendur séu góð, þeir séu vel undirbúnir undir kennslustundir, þær uppfylli viðmið þeirra um gæði í kennslu og að starfið veiti þeim ánægju.

Einnig var spurt um aga og þar kemur fram að 1 kennari telur sig sjaldan ná góðum aga í bekknum eða 3,4% svarenda. Til að bæta úr þessu er eflaust einfaldast að biðja viðkomandi að gefa sig fram við skólastjóra og biðja um aðstoð til að bæta þar úr. Fá aðstoð við að greina vandann og aðstoð við að leita lausna. Liggur vandinn í stofnanatengdum breytum eins og stærð og legu kennslustofu, félagslegum breytum eins og samsetningu bekkjar eða þarf að aðstoða kennara við að tileinka sér áhrifaríkari agastjórnun?

Gæði kennslu – könnun í 6. – 10. bekk

Við upphaf skólaárs 2016-17 sendu kennarar markmiðsblöð heim með nemendum sem þeir áttu að fylla út í samvinnu við foreldra (sjá fylgiskjal 1) og mættu nemendur með þau blöð ásamt foreldrum í foreldraviðtöl í upphafi skólaárs. Nemendur áttu að svara til um:

- a) í hverju gæði kennslustundar fælist
- b) hvernig þeir ætluðu að bera ábyrgð á eigin námi
- c) hvað þeir ætluðu að gera til að stuðla að vinnufriði
- d) hvernig þeir ætluðu að vinna gegn einelti og
- e) tillögur um að hverju þeir ætluðu að einbeita sér í náminu.

Teymi innra mats kallaði síðan eftir þessum markmiðsblöðum nemenda og tók saman punkta um gæði kennslustunda af þeim.

Samantekt:

Vinnufriður

Vinna vel og læra

Samvinna

Fara eftir fyrirmælum

Skemmtilegt námsefni

Fjölbreytni

Góður kennari

Virðing

Þessir punktar voru síðan notaðir til viðmiðunar við að hanna könnun sem lögð var fyrir í 6. – 10. bekk á vorönn 2017. Niðurstöður voru eftirfarandi:

Fjöldi þátttakenda

Fjöldi nemenda í grunnskólanum í 6. – 10. bekk eru 167 en eins og sjá má svöruðu 136 könnuninni eða 81% sem telst góð þátttaka þegar á heildina er litið. Þátttökuhlutfall nemenda í hverjum bekk var samkvæmt eftirfarandi töflu:

Í hvaða bekk ertu?		
Svarmöguleikar	%	Fjöldi
6. bekk	75%	27
7. bekk	92%	22
8. bekk	100%	26
9. bekk	78%	36
10. bekk	71%	25
Heildarfjöldi svarenda		136



Eins og sjá má er þátttaka mest í 8. bekk eða 100% en síst í 10. bekk eða 71%.

Gæði kennslustunda

Eins og fram kemur hér að ofan í lið a, þá voru nemendur beðnir um að tjá sig um í hverju gæði kennslustunda felast að hausti 2016. Að mati nemenda G.Í. felast þau fyrst og fremst í vinnufrið, hlusta á kennara, góðri vinnu og lærdómi. Aðrir þættir sem komu fram eru samvinna, að fara eftir fyrirmælum, skemmtilegt námsefni, fjölbreytni, góðir kennarar og virðing. Vorið 2017 voru þeir svo beðnir að meta, nafnlaust, hversu vel þeir teldu að tekist hefði að ná þessum markmiðum í kennslustundum. Bæði það sem er að mestu á þeirra eigin ábyrgð, það er að hlusta á kennara og að gera sitt besta í náminu, það sem er sameiginlegt verkefni eins og vinnufriður og sína virðingu og svo það sem kennarar bera ábyrgð á námsefni og námsaðstoð. Prósentutölur eru námundaðar til að falla að hundraði.

**Samkvæmt mati nemenda felast gæði kennslustunda í neðangreindum þáttum.
Hvernig finnst þér hafa tekist í kennslustundum í vetur?**

Svarmöguleikar	Alltaf	Oftast	Sjaldan	Aldrei	Fjöldi sem svarar alltaf/of- ta st og %	Fjöldi sem svarar sjaldan/aldr- ei og %
Það hefur verið vinnufriður	5	68	56	6	73 – 54%	62 – 46%
Ég hlustaði á kennarann	39	86	8	1	125 – 93%	9 – 7%
Ég fékk aðstoð ef ég bað um hana	45	72	16	1	117 – 87%	17 – 13%
Ég gerði mitt besta í náminu	42	84	10	0	126 – 93%	10 – 7%
Námsefnið hefur verið skemmtilegt	8	67	50	10	75 – 56%	60 – 44%
Námið hefur verið fjölbreytt	20	62	46	6	82 – 61%	52 – 39%
Það ríkir virðing	19	84	26	5	103 – 77%	31 – 23%

Meirihluti nemenda taldi að það hefði oftast eða alltaf tekist að ná markmiðum þegar spurt er um kennslustundir eða 54 – 87% eftir sviðum. Fæstir töldu að um nægilegan vinnufrið hefði verið að ræða eða námsefnið væri skemmtilegt eða einungis rúmlega helmingur nemenda (54 og 56%). Þegar þeir voru spurðir um eigin framlag þ.e. að hlusta og að gera sitt besta telja 93% nemenda í báðum tilvikum að þeim hafi gengi oftast eða alltaf vel að ná þessum markmiðum. Enginn taldi sig aldrei hafa gert sitt besta og einn hlustaði aldrei á kennara. Athyglisvert er að 87% nemenda taldi sig fá hjálp ef þeir báðu um hana sem er vel að verki staðið en áhugavert væri þó að vita hvers vegna 13% telja sig sjaldan eða aldrei fá hjálp. Þeir 3 þættir sem helst þarf að skoða betur eru vinnufriður og námsefni sem um og yfir 40% nemenda telur hvorki skemmtilegt né fjölbreytt. Eins væri fróðlegt að skoða hvers vegna 23% nemenda telur að sjaldan eða aldrei sé virðing hluti af kennslustundum, hvort verið er að meina virðingu kennara við nemendur, nemenda gagnvart kennurum, samnemendum eða allt þrennt.

Markmið

Á markmiðsblaðinu voru nemendur beðnir um að setja sér markmið með skólavistinni á komandi vetri, þ.e. taka ábyrgð á eigin námi, hafa vinnufrið og velja þætti til að einbeita sér að í námi. Við lok skólaárs voru þeir síðan beðnir um að meta hvernig til hefði tekist.

Í haust settu allir nemendur sér markmið varðandi námið í vetur. Hvernig hefur þér gengið að ná þeim markmiðum?

Svarmöguleikar	%	Fjöldi
Ágætlega	36,8%	50
Vel	40,4%	55
Sæmilega	17,6%	24
Illa	5,1%	7

Nemendum tókst misjafnlega vel að ná þeim markmiðum sem þeir höfðu sett sér í náminu að hausti eins og gerist og gengur. Tæp 23% gekk illa eða sæmilega að ná settum markmiðum en rétt rúmum 77% tókst það vel eða ágætlega. Spurning er hvort leggja eigi svona könnun fyrir fyrr og jafnvel oft og þá undir nafni, til að geta fylgst betur með þeim sem tekst illa eða sæmilega að ná markmiðum svo hægt sé að grípa inn í og skoða hvar vandinn felst. Þá væri hægt að skoða hvort nemendur og foreldrar séu að gera sér óraunhæfar væntingar, hvort eitthvað sé í aðstæðum nemenda heima eða í skóla sem hamlar námi eða hvort kennsla sé ekki að höfða til þessara einstaklinga.


Skólapúlsinn og könnun frá Rannsóknunum og greiningu

Skólapúlsinn - nemendur


Ísafjarðarbær tekur þátt í nemendakönnunum Skólapúlsins. Gerðar eru úrtakskannanir með reglulegu millibili yfir skólaárið hjá nemendum í 6. – 10. bekk og niðurstaða vetrarins birt í lok skólaárs. Hjá Skólapúlsinum telst munur upp á 0,5 stig vera lítill munur, munur upp á 1 stig töluverður munur og munur upp á 1,5 stig mikill munur. Hér að neðan má sjá þróun meðaltals hjá Grunnskólanum á Ísafirði miðað við landsmeðaltal síðustu 5 ára í þeim spurningum sem haldist hafa óbreyttar á því tímabili. Landsmeðaltal er allsstaðar 0,0.

Spurningum Skólapúlsins er skipt í þrjá flokka, það eru: virkni nemenda í skólanum, líðan og heilda nemenda og skóla- og bekkjarandi.

Ánægja af lestri




Þrautseigja í námi




Hér er frávik GÍ frá landsmeðaltali það mikið að munurinn telst marktækur, en þó lítill. Nemendur okkar virðast sýna minni þrautseigju en nemendur annarsstaðar af landinu.

Áhugi á stærðfræði




Hér eru marktæk frávik, þar sem nemendur okkar virðast hafa minni áhuga á stærðfræði en gengur og gerist á landinu öllu, en munurinn telst þó lítill.

Áhugi af náttúrufræði




Ekki er marktækur munur á áhuga af náttúrufræði.

Trú á eigin vinnubrögð í námi




Trú á eigin námsgetu




Nemendur GÍ eru nokkuð undir landsmeðaltali varðandi trú á eigin vinnubrögð og námsgetu og eru þar tækifæri til að gera betur.


Sjálfsálit




Stjórn á eigin lífi



Vellíðan




Tíðni eineltis




Hér er um að ræða hlutfall nemenda sem segjast hafa orðið fyrir einelti á undanförunum 30 dögum og eru nemendur GÍ nokkuð fyrir neðan landsmeðaltal.

Tíðni hreyfingar 2 í viku eða oftar



Undanfarin ár hefur verið spurt um viðhorf til hreyfingar en nú er spurt um tíðni hreyfingar innan og utan skólans. Reiknað er hlutfall nemenda sem segjast gera allt eftirtalið tvisvar í viku eða oftar: Eru í leikfimitímum í skólanum - Taka þátt í líkamsþjálfun í skólanum utan leikfimitíma - Stunda íþróttir með íþróttafélagi - Hreyfa sig þannig að þeir mæðist og svitni utan íþróttæfinga og skóla. Þarna er verulegur munur á GÍ og landsmeðaltali, þar sem einungis 14,6% nemenda GÍ uppfylla þetta viðmið, en 41,7% á landsvísu.

Hollt mataræði




Útkoma á mælikvarðanum lýsti áður meiri neyslu ávaxta, grænmetis og vítamíns og/eða minni neyslu skyndibita og gosdrykkja. Árið 2015 var gerð staðfestandi þáttagreining á fyrirbyggjandi gögnum. Sú greining sýndi fram á að magn hollustu sem innbyrt er gefur betri mynd af mataræði nemenda eitt og sér án þess að óhollustan sé tekin með í reikninginn. Þ.e.a.s. þó óhollustu sé neytt í einhverjum mæli þá þarf það ekki að þýða að mataræði sé slæmt heldur er það magn hollustunnar sem vegur þar þyngra. Því er einkunn á þessum kvarða reiknuð með einungis þeim atriðum sem spyrja um hollar matarvenjur.


Skóla – og bekkjarandi

Í þessum þætti eru nú 5 spurningaflokkar. Grunnskólinn á Ísafirði vikur marktækt frá landsmeðaltali í öllum þessum flokkum. Vorið 2013 var sett heimanámsstefna fyrir skólann og var hún unnin í samráði við kennara, nemendur og foreldra. Í henni er aðeins gert ráð fyrir lestri sem fastri heimavinnu og skýrir það líklega frávik skólans að einhverju leyti.


Samsömun við nemendahópinn




Samband nemenda við kennara



Agi í tímum




Virk þátttaka nemenda í tímum



Hér virðist þátttaka nemenda í tímum vera á niðurleið síðustu ár.

Mikilvægi heimavinnu í náminu



Þróunin hér er á niðurleið frá því að heimanámsstefna skólans var gefin út.

Skólalúpsinn – foreldrakönnun

Ísafjarðarbær er þátttakandi í foreldrakönnun Skólalúpsins. Niðurstöður þeirrar könnunar eru birtar ef 80% þeirra sem lenda í úrtakinu svara. Í Grunnskólanum á Ísafirði lenda 120 börn í úrtaki og því þarf svörun frá foreldrum 96 þeirra til að könnunin teljist gefa áreiðanlegar vísbendingar. Könnunin var send út í febrúar 2017 og fengust svör frá 90% þeirra foreldra sem sent var á. Hún telst vísbending um stöðuna eins og hún var á þeim tíma og skólinn hefur fengið niðurstöður sendar. Könnunin mælir 48 þætti í 5 flokkum, þ.e. nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur.

Á svæði skóla á vef Skólalúpsins eru eftirfarandi skýringar:

Könnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert og er fyrir foreldra nemenda á öllum aldurstigum grunnskólans. Dregið er 120 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á vegna foreldra barns er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á hvort netfang. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Niðurstöður á yngsta, mið- og unglingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltali í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hefur verið náð. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstóð af meðaltali foreldra úr þeim skólum sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu. Öryggismörk í marktektarprófum voru 95%.


Lágmarksvarhlutfall í hverjum skóla var 80%. Þegar svarhlutfall er lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegla mögulega ekki almennt viðhorf foreldra í skólanum. Niðurstöður skóla með minna en 60% svarhlutfall eru ekki birtar.

Nám og kennsla

Tveir af fimm matsþáttum í þessum flokki eru innan marktæks munar á landsvísu, en það eru þættirnir *nám í takt við grunnstöðir aðalnámskrár að mati foreldra* (-0,2 frá normaldreifingu) og *hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra* (-0,1%).


Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum er 0,3 stigum undir landsmeðaltali. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur. Þarna er því ekki um mikinn mun að ræða.

Ánægja foreldra með stjórnun skólans er alls ekki nógu góð og er skólinn 15,2% undir landsmeðaltali, eins og sjá má á myndritinu hér fyrir neðan.



Nokkrar sveiflur hafa verið á milli ára frá árinu 2013, en vissulega tækifæri til að gera mun betur.

Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra



Þessi þáttur kemur lakastur út í flokknum nám og kennsla, þar sem GÍ er 23,7% fyrir neðan landsmeðaltal og virðist agi fara minnkandi að mati foreldra.

Velferð nemenda

Í þessum flokki 6 matsþættir af 10 innan marktæks munar á landsvísu, en það eru: *Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur* (-0,1 stig), *Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda* (-0,2%), *Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt* (-0,3%), *Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum* (2,3%). Í þessum þætti er skólinn kominn yfir landsmeðaltal og hefur tekið stórt stökk frá í fyrra, úr 29,4% upp í 63%, en landsmeðaltalið er 60,7%.

Hins vegar er ekki jafn góð útkoma úr matsþættinum *Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt* þar sem skólinn er 4,9% undir landsmeðaltali. Þátturinn *Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt* er 6,3% undir landsmeðaltali. *Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra* er 7,1% yfir landsmeðaltali og *Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans* er 8,4% undir landsmeðaltali. Rétt er að taka fram að ein formleg eineltistilkynning barst skólanum síðasta vetur og fór hún í vinnslu samkvæmt eineltisáætlun skólans og var því máli lokið fyrir skólalok.

Nauðsynlegt er að skólinn hvetji foreldra til að tilkynna öll eineltismál formlega á þar til gerðum blöðum sem má nálgast á heimasíðu skólans http://grisa.isafjordur.is/ymis_skjol/skra/152/.

Aðstaða og þjónusta

Í flokknum aðstaða og þjónusta er spurt um 5 mælanlega þætti. Fjórir af þeim eru innan marktæks munar á landsvísu, en það eru þættirnir *Ánægja foreldra af aðstöðu í skólanum* (-0,1%), *Ánægja foreldra með tómstundabjónustu/frístundaheimili* (0,0), *Hlutfall nemenda í tómstundabjónustu/frístundaheimili* (3,2%) og *Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti* (-3,2%). *Notkun á mötuneyti* er hins vegar nokkuð undir landsmeðaltali eða 5,2%.

Foreldrasamstarf

Fjórði flokkurinn í foreldrakönnuninni er foreldrasamstarf og er spurt um 8 mælanlega þætti. Í sjö þáttum af þessum átta er GÍ innan marktæks munar, en það er varðandi:

Frumkvæði kennara af foreldrasamstarfi (0,0 stig)

Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur (1,3%)

Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina (0,9%)

Ánægja með síðasta foreldraviðtal (-0,7%)

Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum (5,1%)

Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra (-6,0%)

Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá (1,2%).

Þátturinn *Ánægja foreldra með heimasíðu skólans* er sá þáttur sem kemur einna lakast út, en þar er GÍ 7,1% undir landsmeðaltali, eða 75,3% á móti 82,4% á landsvísu. Þegar rýnt er í niðurstöður kemur fram að foreldrar nemenda í 1. – 4. bekk eru minnst ánægðir með heimasíðuna eða 61%. Í haust var stofnuð Facebook síða fyrir skólann, til hliðar við heimasíðuna og einnig eru árgangar með sínar eigin Facebook síður, undir stjórn foreldra. Þar hafa kennarar aðgang og koma ýmsum upplýsingum á framfæri. Þessi nýjung gæti á einhvern hátt litað niðurstöðurnar, þar sem samskipti og upplýsingaflæði til heimila hafa færst mikið yfir á Facebook síðurnar.

Heimastuðningur

Í þessum flokki eru 6 matsþættir og eru 5 þeirra innan marktæks munar á landsvísu, en það eru:

Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið (-0,3 stig)

Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu (-0,2 stig)

Hæfileg heimavinna að mati foreldra (6,0%)

Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám (-2,2%)

Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns (-3,0%).

Þarna er athyglisvert að sjá hversu hátt hlutfall foreldra barna í GÍ þykir heimavinnan hæfileg, eða 77,5% á móti 71,5% á landsvísu.

Einn matsþáttur var marktækt undir landsmeðaltali, en það var *Virkni foreldra í námi barna sinna* eða -0,3 stig, en það telst þó lítill munur.

Skólapúlsinn - Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Grunnskólans á fer fram í mars og mælir 15 almenna þætti. Til viðbótar eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um 27 þætti. Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra 41 grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni og náðu viðundandi svarhlutfalli. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Öryggismörk í marktektarprófum eru 95%. Lágmarks svarhlutfall í hverjum skóla var 80% og var svarhlutfall í GÍ 89,2% eða 58 af 65 starfsmönnum.

Allir starfsmenn – almennt

Í þessum flokki var spurt um starfsmannaviðtöl, gagnsemi þeirra og tíðni áreitni og eineltis á meðal starfsfólks. Eini þátturinn sem var tölfræðilega marktækt fyrir ofan eða neðan landsmeðaltal var *Starfsmannaviðtöl undanfarið ár*, sem var 15,8% fyrir ofan meðaltal eða 94,7% svarenda á móti 78,9% á landsvísu.

Allir starfsmenn – viðhorf til skólans

Í þessum flokki var spurt út í eftirfarandi 5 matsþætti:

Starfsánægja í skólanum (-0,1 stig)

Starfsandi innan skólans (-0,6 stig)

Stjórnun skólans (-0,4 stig)

Upplýsingastreymi innan skólans (-0,5 stig)

Starfsumhverfi í skólanum (0,4 stig)

Þarna er um lítil frávik að ræða en þó alltaf hægt að gera betur. Upplýsingastreymi hefur sífellt verið að aukast, þar sem tölvupóstur, upplýsingaskjár og sameiginlegt dagatal í póstforriti spila stóra rullu.

Kennarar – kennarastarfið

Þessi flokkur inniheldur 10 matsþætti:

Ánægja með kennarastarfið (0,7 stig)

Trú kennara skólans á eigin getu (-0,5 stig)

Upplýsingamiðlun til foreldra (0,5 stig)

Undirbúningur kennslu í skólanum (9,8%)

Öllum bekknum kennt í einu (2,7%)

Hópavinna í bekk (-3,6%)

Einstaklingsvinna í bekk (-1,6%)

Einstaklingsmiðuð kennsla (-7,7%)

Áhersla kennara á námsmat með prófum (-5,1%)

Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (3,7%)

Eini þátturinn hér sem reynist með marktækum mun er sá fyrsti, ánægja með kennarastarfið, en þar eru kennarar GÍ nokkuð fyrir ofan landsmeðaltal.

Kennarar – starfsumhverfi kennara

Í þessum flokki eru 8 matsþættir:

Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika (0,4 stig)

*Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda (-0,6 stig)**

Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara (0,2 stig)

Samráð um kennslu (0,3 stig)

Samvinna um kennslu (0,3 stig)

*Valddreifing við ákvarðanatöku (-0,7 stig)**

*Virk samvinna um skólaþróun og umbætur (0,6 stig)**

*Vinnuaðstaða kennara (0,5 stig)**

Þarna má sjá stjórnumerkt þætti sem eru marktækt undir eða yfir landsmeðaltali. Í samtali við kennara GÍ varðandi valddreifingu við ákvarðanatöku, eru þeir einna ósáttastir við ákvarðanir menntayfirvalda varðandi námsmat o.fl.

Kennarar – mat og endurgjöf

Í þessum flokki eru 5 matsþættir:

Umfang mats og endurgjafar (5,8%)

Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara (-10,7%)

Sanngirni mats og endurgjafar (-6,4%)

*Gagnsemi mats og endurgjafar (-14,7%)**

*Nýting á niðurstöðum kennaramats (-0,7%)**

Tveir síðustu þættirnir eru marktækt undir landsmeðaltali og erfitt að segja hvað veldur, en munurinn er nokkur á milli kennara eftir því á hvað stigi þeir kenna.


Símenntun kennara

Síðasti flokkurinn í þessari könnun var varðandi símenntun kennara. Þar er spurt um fjölda daga í símenntun s.l. ár og símenntunarþörf. Niðurstöður úr þessum flokki voru mjög svipaðar og annarsstaðar á landinu og enginn marktækur munur.

Rannsókn og greining


Rannsóknir og greining gera kannanir meðal unglunga í Ísafjarðarbæ annað hvert ár. Þetta árið var lögð könnun fyrir nemendur 5. – 7. bekkjar um hagi þeirra og líðan.

Hafa ber í huga að þetta eru niðurstöður fyrir bæjarfélagið í heild en þar sem Gí er fjölmennasti skólinn má ætla að niðurstöður séu ágætlega lýsandi fyrir upplifun nemenda. Könnunin var gerð í febrúar 2017 og svöruðu allir nemendur sem mættir voru í skólann þann dag og er þetta því ekki úrtakskönnun. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listana í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana eða umslögin svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Í heild fengust gild svör fyrir 11327 nemendur í 5. til 7. bekk á landsvísu sem jafngildir um 86,5% svarhlutfalli. Heildarsvarhlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ var 88%.




Mynd 1. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segjast *sjaldan*, *næstum aldrei* eða *aldrei* vera með foreldrum sínum eftir skóla¹.

1 Í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með samþættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 2. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast *sjaldan*, *næstum aldrei* eða *aldrei* vera með foreldrum sínum eftir skóla, árin 2009, 2011, 2013, 2015 og 20

Hér kemur Ísafjarðarbær ívið betur út en landsmeðaltalið.




Mynd 3. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbær sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með foreldrum sínum um helgar²

² Í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með samþættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 4. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með foreldrum sínum um helgar árin, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017

Strákar í 5. bekk í Ísafjarðarbæ skera sig verulega úr og eru 14% þetta árið.




Mynd 5. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segja það vera frekar eða mjög erfitt fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum.




Mynd 6. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það frekar eða mjög erfitt fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum, árin, 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017

Hér eru strákar í 6. og 7. bekk í Ísafjarðarbæ í sögulegu hámarki hvað þennan þátt varðar.




Mynd 7. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segjast *stundum eða oft* vera einir heima eftir skóla.




Mynd 8. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast *stundum eða oft* vera einir heima eftir skóla, árin, 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017

Hvað þennan þátt varðar hafa verið miklar sveiflur undanfarin ár í Ísafjarðarbæ. Ekki virðist þó vera mikill munur þetta árið, nema þá hvað stelpur í 5. bekk varðar, sem aldrei hafa verið fleiri í þessum aðstæðum.




Mynd 9. Hvernig líður þér oftast heima? Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segja að þeim líði oftast *mjög eða frekar illa* heima.




Mynd 10. Hlutfall nemenda á landinu sem segir að þeim líði oftast *frekar eða mjög illa* heima, árin, 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017

Nemendum í 5. – 7. bekk í Ísafjarðarbæ virðist engum líða illa heima.




Mynd 11. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segjast fáa eða enga vini eða vinkonur eiga í skólanum.




Mynd 12. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast eiga fáa eða enga vini eða vinkonur í skólanum, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017


Hér eru stelpur í 7. bekk í toppi í Ísafjarðarbæ. Þessi árgangur er sá minnsti eða 31 nemandi og stelpur u.þ.b. helmingur. Miðað við það gætu þessi 27% stúlkna verið u.þ.b. 4 stúlkur. Vitað er af þessum vanda hér í G.Í. og hefur verið farið í vinnu með stelpnahópnum í heild sinni, t.d. með bekkjarfundum umsjónarkennara og fundum Elísabetar Lorange listmeðferðarfræðings.




Mynd 13. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segja það eiga *frekar* eða *mjög illa* við um sig að foreldrar þeirra þekki vini þeirra eða vinkonur.



Mynd 14. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það eiga *frekar* eða *mjög illa* við um sig að foreldrar þeirra þekki vini þeirra eða vinkonur, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017




Mynd 15. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segja það eiga *frekar eða mjög illa* við um sig að foreldrar þeirra þekki foreldra vana/vinkvenna þeirra.




Mynd 16. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það eiga *frekar eða mjög illa* við um sig að foreldrar þeirra þekki foreldra vana/vinkvenna þeirra, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

Almenn líðan nemenda í 5. – 7. bekk




Mynd 17. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segjast *oft eða mjög oft* hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað.

3 Í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með samþættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 18. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast *oft eða mjög oft* hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017

Hér eru miklar sveiflur á milli ára í Ísafjarðarbæ og því erfitt að draga ákveðna ályktun.




Mynd 19. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segjast *oft eða mjög oft* hafa öskrað eða hent hlutum⁴

⁴ Í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með samþættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 20. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast *oft eða mjög oft* hafa öskrað eða hent hlutum árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017




Mynd 21. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segjast oft eða mjög oft hafa langað til að brjóta eða skemma hlutis.

5 Í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með sambættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 22. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast segjast oft eða mjög oft hafa langað til að brjóta eða skemma hluti, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

Hér má einnig sjá miklar sveiflur á milli ára og því erfitt að draga ákveðna ályktun.



Mynd 23. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segjast *oft eða mjög oft* hafa gert eitthvað bara af því þeir voru svo reiðir.⁶


6 Í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með samþættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 24. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast *oft eða mjög oft* hafa gert eitthvað bara af því þeir voru svo reiðir, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

Svör stráka í 6. bekk í Ísafjarðarbæ vekja sérstaka athygli hér.

Stríðni




Mynd 25. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka.




Mynd 26. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það *stundum eða oft* hafa gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.


Hér vekja svör stúlkna í 5. bekk í Ísafjarðarbæ nokkra athygli.




Mynd 27. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segir það *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka.




Mynd 28. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það *stundum eða oft* hafa gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.




Mynd 29. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp




Mynd 30. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það *stundum eða oft* hafa gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017




Mynd 31. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan.



Mynd 32. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það *stundum eða oft* hafa gerst í vetur að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan, árin 2007, 2009, 2011, 201, 2015 og 2007.




Mynd 33. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum.




Mynd 34. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það *stundum eða oft* hafa gerst í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

Stelpur í 5. bekk í Ísafjarðarbæ skera sig nokkuð úr hvað þennan þátt varðar.




Mynd 35. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segir það hafa gerst *stundum* eða *oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á þau ein og meiddu.




Mynd 36. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það *stundum* eða *oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á þau ein og meiddu, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

Hér vekja svör stráka í 7. bekk í Ísafjarðarbæ nokkra athygli og skera sig úr.




Mynd 37. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segir það hafa gerst *stundum* eða *oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með.




Mynd 38. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það *stundum* eða *oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.


Hér eru það einnig strákar í 7. bekk í Ísafjarðarbæ sem skera sig úr.



Mynd 39. Hlutfall nemenda Ísafjarðarbæ sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að margir krakkar skildu þau eftir útundan.




Mynd 40. Hlutfall nemenda á landinu sem segja það *stundum eða oft* í vetur að margir krakkar skildu þau eftir útundan, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.




Mynd 41. Hlutfall nemenda Ísafjarðarbæ sem finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt.

8 í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með samþættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 42. Hlutfall nemenda á landinu sem finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017




Mynd 43. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem finnst námið *oft eða alltaf* vera of létt.⁹

9 Í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með samþættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 44. Hlutfall nemenda á landinu sem finnst námið *oft eða alltaf* vera of létt, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017




Mynd 45. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem finnst námið *næstum aldrei* eða *aldrei* vera skemmtilegt.¹⁰

10 Í ár var ítarlegur spurningalisti lagður fyrir nemendur í 7. bekk vegna rannsóknarinnar Lifecourse. Þeirri rannsókn er ætlað að finna forspárþætti líðanar barna á unglingsárum með samþættingu margvíslegra gagna allt frá því einstaklingar eru í móðurkviði. Svarmöguleikar í þeim spurningalista voru í örfáum tilvikum aðrir en í spurningalistanum sem lagður var fyrir nemendur í 5. og 6. bekk. Í næstu rannsókn meðal nemenda í 5. - 7. bekk munu kvarðarnir aftur samræmdir og fæst þá aftur samanburður í þessum lið.




Mynd 46. Hlutfall nemenda á landinu sem finnst námið *næstum aldrei* eða *aldrei* vera skemmtilegt, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017

Hér eru miklar sveiflur í svörum á milli ára innan Ísafjarðarbæjar og því erfitt að draga ályktun.




Mynd 47. Hvernig líður þér oftast í kennslustundum? Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segja *frekar* eða *mjög illa*.




Mynd 48. Hlutfall nemenda á landinu sem líður *mjög* eða *frekar* illa í kennslustundum, árin 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

Hér má sjá sláandi vanlíðan stráka í 5. bekk í Ísafjarðarbæ. Í vetur kom upp ákveðið tilfelli í GÍ sem búið er að leysa og vonumst við til þess að ekki verði frekari eftirmálar af því.




Mynd 49. Hvernig líkar þér við kennarana í skólanum? Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segja frekar eða mjög illa.




Mynd 50. Hlutfall nemenda á landinu sem segjast líka mjög eða frekar illa við kennarana í skólanum, árin 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.


Hér eru miklar sveiflur á milli ára og því erfitt að draga ályktun.




Mynd 51. Hvernig líður þér oftast í frímínútum? Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segja *frekar* eða *mjög illa*.



Mynd 52. Hlutfall nemenda á landinu sem líður *mjög* eða *frekar* illa í frímínútum, árin 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017




Mynd 53. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem segja kennarana *sjaldan, næstum aldrei, eða aldrei* hrósa sér í skólanum.




Mynd 54. Hlutfall nemenda á landinu sem segja kennarana *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* hrósa sér í skólanum árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

Það er sláandi að sjá að 50% stráka í 5. bekk telji kennara í Ísafjarðarbæ *sjaldan eða aldrei* hrósa sér. Þarna er tækifæri til að gera mun betur.


Íþrótt- og tómstundastarf




Mynd 55. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem æfa íþróttir 1-3 sinnum í viku með íþróttafélagi.




Mynd 56. Hlutfall nemenda á landinu sem æfa íþróttir 1-3 sinnum í viku með íþróttafélagi árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.




Mynd 57. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem æfa íþróttir 4 sinnum í viku eða oftar með íþróttafélagi.



Mynd 58. Hlutfall nemenda á landinu sem æfa íþróttir 4 sinnum í viku með íþróttafélagi árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.



Mynd 59. Hlutfall nemenda í Ísafjarðarbæ sem stundar tónlistar- eða söngnám 1 sinni í viku eða oftár



Mynd 60. Hlutfall nemenda á landinu sem stundar tónlistar-eða söngnám 1 sinni í viku eða oftár, árin 2007, 2009, 2011, 2013, 2015 og 2017.

7. Umræða

Umræðukaflanum er skipt í fimm undirkafla. Einn fyrir gæði kennslu, einn fyrir 1. – 5. bekk, einn fyrir 6. – 10. bekk, einn fyrir foreldrakannanir og einn fyrir starfsmannakönnun. Rétt er að geta þess að svör gefa aðeins vísbendingar um stöðuna eins og hún er á þeim tíma sem könnunum er svarað. Svör nemenda byggjast á upplifun þeirra og hún getur verið með ýmsu móti hjá þeim vegna svipaðra atburða. Betri upplýsingar eru hins vegar ekki fáanlegar.

Gæði kennslu

Samkvæmt verkáætlun útbjuggu kennarar annars vegar og nemendur 6. – 10. bekkjar hins vegar, sameiginleg viðmið um gæði kennslu. Í framhaldi af því voru kennsluhættir metnir með spurningakönnun til kennara og nemenda.

Hvað nemendur varðar er sláandi að 46% nemenda í 6. – 10. bekk upplifa sjaldan eða aldrei vinnufrið í kennslustundum og 44% þeirra finnst námsefnið sjaldan eða aldrei skemmtilegt. Af þeim kennurum sem svöruðu segja 100% að samskipti þeirra við nemendur séu góð, þeir séu vel undirbúnir undir kennslustundir, þær uppfylli viðmið þeirra um gæði í kennslu og að starfið veiti þeim ánægju. Einnig var spurt um aga og þar kemur fram að 1 kennari telur sig sjaldan ná góðum aga í bekknum eða 3,4% svarenda.

1. – 5. bekkur

Þetta árið lagði skólinn eina könnun á fyrir yngsta stigi, en þar var spurt um einelti. Í 1.-5. bekk koma fram allt að 18 ábendingar um að einstaklingar viti af einelti, annað hvort gagnvart öðrum eða þeim sjálfum. Hafa verður í huga að þá er ekki um að ræða 18 einstaklinga heldur er oft um að ræða að sami einstaklingurinn er nefndur af fleiri en einum nemanda. Einnig er nokkuð um að nefnd eru nöfn barna sem komið hafa í heimsókn í stuttan tíma, börn úr öðrum skólum, börn halda að þau séu lögð í einelti – stundum, nefnd eru nöfn barna sem voru einu sinni lögð í einelti, börn sem eiga almennt erfitt með samskipti og hegðun og svo framvegis.

Í ljósi þessara óræðu svara var ákveðið að fylgja könnunni eftir með því að prenta út lista með þeim nöfnum sem fram komu og biðja umsjónarkennara í samstarfi við samkennara og stuðningsfulltrúa að fara yfir listann og gefa endurgjöf varðandi niðurstöðurnar. Skoða hvort um eineltismál hefur verið að ræða sem búið er að vinna úr, hvort um áreiti af hendi barna sem eigi við hegðunar eða samskiptavanda að stríða eða hvort þeir telji ástæðu til frekari skoðunar á málinu. Fyrst þá að ræða við viðkomandi barn og hefja þar með frumkönnun. Frekari skref yrðu svo ákveðin í kjölfarið. Tölvupóstur var síðan sendur á umsjónarkennara og þeir beðnir um niðurstöður.

Á vormánuðum 2016 var gerð aðgerðaráætlun fyrir næsta skólaár. Þar var m.a. settir niður hópfundir með stelpum í 2-4. bekk sem aðstoðarskólastjóri og námsráðgjafi áttu að sjá um. Tilfnið var síendurteknir árekstrar í frímínútum og vandamál í samskiptum almennt.

Námsráðgjafi ræddi við kennara í byrjun skólaannar að hausti 2016. Niðurstaðan var sú að eins og staðan væri í dag, væri ekki mikið um að upp kæmu vandamál. Því var ákveðið í samráði við

kennara að bíða og sjá til hvort ástandið versnaði og fara þá og ræða við stúlkurnar í þessum árgöngum. Ljóst er að vegna ýmissa vandamála sem kom upp við fyrirlagningu þessarar eineltiskönnunar, s.s. mikil veikindi starfsfólks seinnipart vetrar, tæknilegra örðugleika o.fl. hefur tafist um of að leggja fram þessa könnun en unnið var að því að skoða hvert mál og vinna eins og aðstæður leyfðu. Áframhaldandi vinna verður síðan forgangsatriði næsta haust.

Í nóvember 2016 var dreift tengslakönnun til allra umsjónarkennara frá fyrsta upp í 10. bekk. Spurt var um hvað einstaklingum nemendur vildu helst eiga samskipti við, eyða tíma með í kennslustundum, í frímínútum og í matssal. Spurningar voru sniðnar að aldri og þroska barna. Í lok árs 2016 og við byrjun kennsluárs 2017 var síðan unnið úr þessum tengslakönnunum en þátttaka var 98%. Niðurstöðum var síðan dreift til umsjónarkennara (nema í 6. bekk þar sem kennarar unnu sjálfir úr könnuninni) þar sem merkt var sérstaklega við börn sem enginn skrifaði niður sem sitt val. Kennarar unnu svo út frá þessum niðurstöðum með samskipti innan sinna bekkja. Ekki kom upp grunur um einelti í kjölfar þessarar tengslakönnunar og úrvinnslu úr henni.

6. – 10. bekkur

Ef teknar eru saman heildarniðurstöður úr könnunum 6. – 10. bekkjar teljum við óhætt að álykta að talsvert hafi áunnist í að bæta líðan nemenda í skólanum undanfarin ár. Hvað vellíðan og sjálfsálit nemenda varðar eru þeir nánast á pari við nemendur annarsstaðar á landinu og eru á uppleið. Það virðist hins vegar vanta upp á að þeir upplifi sig á eins jákvæðan hátt og aðrir nemendur hvað varðar þrautseigju og trú á eigin getu til náms. Frávik skólans frá landsmeðaltali í könnunum Skólapúlsins eru annars yfirleitt lítil.

Af því leyfum við okkur að draga þá ályktun að sífelld vinna með jákvæð samskipti hafi áhrif.

Foreldrakannanir

Það hefur verið nokkrum erfiðleikum háð að fá tilskilda svörun foreldra. Þetta árið var gengið mjög hart eftir svörun við könnun Skólapúlsins, bæði með ítrekunum og símhringingum. Þegar upp var staðið náðist 90% svörun og er það vel. Niðurstöður könnunarinnar sýna að foreldrar eru ekki nógu ánægðir með stjórnun skólans, skólaaga og líðan nemenda í tímum og frímínútum. Þar er vissulega tækifæri til að gera betur.

Hvað varðar könnun skólans varðandi heimalestur og viðhorf til skólans, var svörun einungis 33% og því langt frá því að vera marktæk. Af þeim sökum verður ekki hægt að nýta sér þær niðurstöður hér.

Starfsmannakönnun

Grunnskólinn á Ísafirði kemur fremur vel út í þessari starfsmannakönnun Skólapúlsins. Þar er um lítil frávik að ræða en þó alltaf hægt að gera betur. Nokkur óánægja hefur verið með upplýsingastreymi, en það mælist 0,5 stigum fyrir neðan landsmeðaltal, sem telst vera lítill munur. Upplýsingastreymi innan skólans hefur þó sífellt verið að aukast, þar sem tölvupóstur, upplýsingaskjár og sameiginlegt dagatal í pósthforriti spila stóra rullu. Þá eru kennarar skólans

töluvert fyrir ofan landsmeðaltal hvað varðar ánægju með kennarastarfið eða 0,7 stig og 15,8% fyrir ofan landsmeðaltal hvað varðar starfsmannaviðtöl s.l. ár.

8. Umbótaáætlun

Umbótaáætlunin er í fjórum hlutum. Aðeins eru teknar fyrir þær spurningar þar sem svör víkja að því marki frá viðmiðum að ástæða sé talin til sérstakra aðgerða af hálfu skólans. Þar sem svör víkja einu til tveimur prósentustigum frá viðmiðum er ekki talin ástæða til sérstakra aðgerða. Hjá Skólapúlsinum teljast frávik upp að 0,5 stig lítill munur, 0,6-1,0 stig töluverður munur og meira en 1,0 stig telst mikill munur.

1. – 5. bekkur

Eins og fram kemur hér að ofan hefur markvisst verið unnið að því að kynna fyrir öllum börnum grunnskólans hvað einelti er og hverjar eru afleiðingar þess og er það hluti af kennsluáætlunum hvers árgangs þar sem notast er við námsefni við hæfi hvers aldursflokks. Stór tengslakönnun var gerð á haustmánuðum 2016 sem hluti af skólastarfi en litlar slíkar kannanir eru gerðar oftár ef tilefni hefur þótt til, þá innan stakra bekkja. Niðurstöður voru kynntar kennurum fyrir foreldrafundi í febrúar. Innan grunnskólans hefur verið rætt við nemendur um hvers kyns samskipti og ekki síst áreiti og einelti í samræmi við Uppbyggingarstefnuna sem skólinn vinnur eftir. Þessar niðurstöður komu því á óvart og ljóst að leggja verður í skipulagða vinnu næsta haust til að greina vandann og finna lausnir. Aðeins 1 eineltismál gagnvart nemanda var tilkynnt formlega á árinu og var það unnið í samræmi við eineltisáætlun skólans. Bæði gerandi og þolandi telja því máli lokið, en fylgst verður náið með samskiptum þeirra aðila strax að hausti. Tekið var á árekstrum milli nemenda jafnóðum af kennurum og öðru starfsfólki og unnið eftir umbótaáætlun frá skólaárinu 2015-16 með því að auka gæslu í frímínútum og athuga með líðan og hegðun stúlkna í 2.-4. bekk í upphafi árs og síðan var Elísabet Lorange, listmeðferðarfræðingur, fengin til að vera með hópavinnu fyrir stúlkur í 4. bekk m.a. vegna mikilla erfiðleika sem komu upp í þeim árgangi. Einnig hefur verið tekið á því máli er kom upp í 5. bekk og unnið með það innan árgangsins.

Framkvæmd:

Allar tilkynningar um einelti skulu tilkynntar formlega á þar til gerðu eyðublaði til eineltisteymis http://grisa.isafjordur.is/ymis_skjol/skra/152/ svo hægt sé að greina vandann og fylgja málum betur eftir. Einnig þarf að tilkynna hvert mál sem upp kemur til allra starfsmanna svo allir séu meðvitaðir.

Leggja ber áherslu á vinnu með Uppbyggingarstefnu í öllum árgöngum og skal bekkjarverkefnum vera lokið í þriðju viku skólaársins.

Halda þarf áfram þeirri góðu vinnu inni í bekkjum hvað skilgreiningu á einelti varðar, svo ekki fari á milli mála hvenær um einelti er að ræða og hvenær ekki.

Þá fara allir starfsmenn skólasamfélagsins á námskeið 16. ágúst n.k. varðandi forvarnir gegn einelti hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur.

Ábyrgð: Skólastjórnendur og námsráðgjafi

6. – 10. bekkur

Nemendur GÍ eru nokkuð undir landsmeðaltali varðandi trú á eigin vinnubrögð og námsgetu og eru þar tækifæri til að gera betur. Þá virðist þátttaka nemenda í tímum vera á niðurleið síðustu ár og einnig sá þáttur er snýr að mikilvægi heimanáms, þar hefur þróunin verið á niðurleið frá því að heimanámsstefna skólans var gefin út árið 2013. Þrautseigja nemenda G.Í. er ekki alveg á pari við landsmeðaltal, en munurinn telst ekki mikill nú í ár. Þá er vitað af þeim vanda er snýr að stúlkum í 7. bekk og hefur verið brugðist við því á viðeigandi hátt. Aðrir þættir koma betur út.

Framkvæmd:

Vinna markvisst að uppbyggingu nemenda skv. uppbyggingarstefnu skólans og hvetja þá áfram til sjálfstæðis og ábyrgðar á eigin námi.

Lögð verði sérstök áhersla á umræðu um vinnufrið og ábyrgð á eigin hegðun í tengslum við vinnu með bekkjarsáttmála. Sáttmálarnir verði endurskoðaðir með tilliti til þessa í nóvember og mars, nemendur og kennarar leggi þá mat á vinnufrið í samstarfi við námsráðgjafa og geri áætlun um úrbætur ef við á.

Halda áfram fjölbreyttum kennsluaðferðum sem stuðla að fjölbreyttara og skemmtilegra námi.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, námsráðgjafi og kennarar.

Foreldrasamstarf

Ennþá verður megin áhersla á að nemendur lesi alltaf heima. Áfram verður haldið með foreldraviðtal á skólasetningardegi þar sem farið verður yfir mikilvægi daglegs lesturs og línur lagðar um einstaklingsmiðað heimanám fyrir nemendur.

Í nýrri kynslóð mentors sem tekin hefur verið í notkun í skólanum er einfaldara að setja inn heimavinnuáætlun og verða allir kennarar eindregið hvattir til að nýta sér það til að auðvelda foreldrum að fylgjast með námi barna sinna, en kennarar fengu viðeigandi námskeið á þessu skólaári og verður það aftur í boði nú í ágúst 2017.

Fram kom að foreldrar eru ekki nægilega ánægðir með heimasíðu skólans og eru það aðallega foreldrar nemenda í 1. – 4. bekk. Gæta þarf vel að því að vikuáætlunum og skipulagi sé komið til foreldra. Foreldrar eru ekki nógu ánægðir með aga innan skólans og verður lögð áhersla á að upplýsa þá betur um vinnu í bekkjum og auka samstarf ef ekki gengur allt sem skyldi.

Framkvæmd:

Allar upplýsingar verði settar á mentor.is og lögð áhersla á að allt sem fram fer í skólanum sé aðgengilegt foreldrum eftir því sem persónuvernd leyfir.

Unnið eftir hugmyndavinnu teymis kennara varðandi foreldrasamstarf sjá

http://grisa.isafjordur.is/ymis_skjol/skra/506/

Verkefni uppbyggingar verða kynnt í öllum bekkjum og foreldrar vinna einnig sérstök verkefni í 1., 4. og 8. bekk.

Haldnir verði reglulegir fundir með stjórn foreldrafélagsins og lögð verði áhersla á að styrkja starf þess eins og hægt er.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, námsráðgjafi, umsjónarkennarar og kennarar.

Starfsmenn skólans

Starfsumhverfi í skólanum er yfir landsmeðaltali og telja starfsmenn aðstöðuna góða, sem er mjög ánægjulegt. Hins vegar er starfsandinn 0,6 stigum undir landsmeðaltali og stjórnun skólans og upplýsingastreymi aðeins undir meðaltali.

Upplýsingastreymi hefur sífellt verið að aukast, þar sem tölvupóstur, upplýsingaskjór og sameiginlegt dagatal í pósthótti spila stóra rullu. Þá er ekki ólíklegt að sá þáttur hafi einhver áhrif á mat starfsfólks á stjórnun skólans. Vinnuandeymi hefur verið að störfum í nokkur ár til að léttastarfsandann og mun verða áfram. Þá hafa nokkur erfið mál komið inn á borð stjórnenda í vetur, sem gæti haft sitt að segja varðandi starfsandann.

Framkvæmd:

Auka upplýsingaflæði innan starfsmannahópsins með því að virkja betur þau tæki sem við höfum s.s. upplýsingaskjór, tölvupóst og dagatal í outlook.

Reglulegir fundir með hópum starfsfólks, þ.e. skólaliðum, stuðningsfulltrúum og kennurum þar sem lögð verður áhersla á uppbyggingu starfsanda.

Ábyrgð: Skólastjórnendur.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Markmiðsblað

<i>Grunnskólinn á Ísafirði</i>	<i>Markmiðsblað skólaárið 2016-2017</i>
<i>Hver skóladagur ber í sér þroskamöguleika sem nýta þarf til fulls. Að setja sér markmið er liður í því að ná sem bestum árangri.</i>	
Nafn: _____ Bekkur: _____	
<i>Í mínum huga felast gæði kennslustundar í</i> _____ _____	
<i>Ég ber ábyrgð á eigin námi með því að</i> _____ _____	
<i>Til að vinnufriður ríki í kennslustundum ætla ég</i> _____ _____	
<i>Ég ætla að leggja mitt af mörkum til þess að vinna gegn einelti í skólanum með því að</i> _____ _____	
<i>Annað sem ég ætla að einbeita mér að í náminu í vetur</i> _____ _____	
undirskrift nemanda	staðfesting forráðamanns
<i>Virðing – samhugur - menntun</i>	

